

Norðfirðingafélagið 40 ára 1968 - 2008

Tónlistarveisla 13. nóvember kl. 20.00 í Fella- og Hólakirkju

Sýningin *Úr fórum Norðfirðinga* helgina 15. og 16. nóvember
kl. 13.00 -17.00 í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju

Efnisyfirlit

Norðfirðingafélagið 40 ára	4
Afmælishátíðin	5
Dagskrá tónlistarveislu	5
Úr fórum Norðfirðinga	6
Hönnun	
Halla Hákonardóttir	6
Kolbrún Amanda Hasan	6
Ljósmyndir	
Kristján Logason	
Málverk	
Alda Ármanna	7
Andri Lindbergsson	7
Ágúst Jónsson	8
Bryndís Magnadóttir Munka	8
Davíð Samúelsson	8
Einar Solheim	8
Elín Guðmundardóttir	9
Geir Sigurjónsson	9
Helgi Jónsson	9
Hermann Sveinbjörnsson	10
Jóna Guðbjörg Gísladóttir	10
Jónas Þorsteinn Elíasson	10
Kolbeinn Ingi Arason	10
Lilja Jóhannsdóttir	11
Ólafur Hauksson	11
Ólafur M. Jóhannesson	11
Ólafur Óskarsson	11
Sigfús Hansson	12
Sigurveig Þorleifsdóttir	12
Sveinn Vilhjálmsson	12
Tryggvi Ólafsson	12
Listasmiðja Norðfjarðar	
Anna Bjarnadóttir	13
Berglind Þorbergsdóttir	13
Heiðbrá Guðmundsdóttir	13
Hildur B. Halldórsdóttir	14
Margrét Sigurjónsdóttir	14
Robyn Vilhjálmsson	14
Theodóra Alfreðsdóttir	14
Skraut- og nytjamunir úr fiskroði til sölu	
Bryndís Magnadóttir Munka	8

Útskurður

Bergþór Hávarðsson	15
Hrefna Aradóttir	15

Tónlistarmenn

Bjarni Freyr Ágústsson	16
Daníel Þorsteinsson	16
Guðjón Steinar Þorláksson	16
Guðmundur Rafnkell Gíslason	17
Hannah Rós Sigurðardóttir	17
Hálf dán Steinþórsson	17
Hildur Þórðardóttir	17
Hlynur Benediktsson	18
Hugi Þórðarson	18
Ingi T. Lárusson	18
Jón Múli Árnason	19
Jónas Árnason	19
Judith Þorbergsson og Sigurður Sveinn Þorbergsson	19
Jón Gunnarsson	19
Jón Rósmann Mýrdal	20
Stella Ingigerður Steinþórsdóttir	20
Svavar Benediktsson	20
Þorlákur Friðriksson / Lalli á Skorrastað	20
Þórarinn Jónsson	21
Örn Óskarsson	21

Norðfirðingafélagið 40 ára

Þegar núverandi stjórn tók við Norðfirðingafélaginu, þá fékk hún þær óvæntu en ánægjulegu upplýsingar að félagið okkar ætti 40 ára afmæli á þessu ári. Stofnfundur félagsins var haldinn þann 20. nóvember árið 1968 og mættu þar á annað hundrað manns. Það er gæfa að félaginu hefur tekist að hafa lifandi og á köflum mjög blómlega starfsemi, en það byggist alfarið á því að Norðfirðingar hafa í gegnum tíðina verið tilbúnir að leggja á sig óeigingjarna vinnu fyrir félagið.

Í byrjun undirbúnings fyrir 40 ára afmælishátíð Norðfirðingafélagsins var farið í hugstormun, þar sem stjórnin skráði niður nöfn þeirra norðfirsku listamanna sem henni datt í hug að gætu tekið þátt í hátíðinni. Við stjórnarmenn fengum ákaflega jákvæð viðbrögð frá öllum og það varð okkur enn frekari hvatning til að gera hátíðina veglega. Það varð úr að afmælishátíðin er tvískipt. Í kvöld er tónlistarhátíð í Fella- og Hólakirkju, þar sem norðfirsk tónlist er flutt af norðfirskum tónlistarmönnum. Helgina 15. og 16. nóvember verður lista- og handverkssýningin *Úr fórum Norðfirðinga* opin frá kl. 13:00-17:00 báða daga í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju. Það er okkur sönn ánægja að bjóða alla velkomna og við vonumst til að Norðfirðingar og aðrir eigi góðar stundir saman með okkur hér í kvöld og um helgina. Jafnframt viljum við þakka öllum sem lagt hafa hönd á plóginn við gera þessa hátíð sem veglegasta.

Stjórn Norðfirðingafélagsins



Gísli Gíslason



Hólmfríður G. Guðjónsdóttir



Gunnar Karl Guðmundsson



Jón Karlsson



Þorsteinn Sigurðsson



Elísabet Karlsdóttir



Hákon Aðalsteinsson



Birna Hilmarsdóttir



Draupnir Rúnar Draupnisson

Afmælishátíðin

- Norðfirsk tónlistarveisla í Fella- og Hólakirkju fimmtudaginn 13. nóvember kl. 20.00.

Aðgangseyrir kr. 1000 fyrir fullorðna en ókeypis fyrir 16 ára og yngri.

- *Úr fórum Norðfirðinga*, sýning í safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju:

➤ Laugardagur 15. nóvember kl. 13.00 - 17.00

Kl. 15.00 les Alda Ármanna uppúr bók sinni, KONA Í FORGRUNNI - Vegferð í lífi og list. Bókin verður til sölu á staðnum.

➤ Sunnudagur 16. nóvember kl. 13.00 - 17.00

Kl. 15.00 verður vígður og kynntur nýr vefur félagsins: www.nordfirdingafelagid.is. Vefurinn er hannaður af Norðfirðingnum Kristjáni J. Kristjánssyni (Kidda á Sjónarhóli) og fyrirtæki hans www.skrefumframmar.is.

Ljósmyndasýningar verða á tölvuskjám: Myndir úr vörslu Skjala- og myndasafns Norðfjarðar og frá Kristjáni Logasyni ljósmyndara.

Kaffi og vöflur í boði félagsins, enginn aðgangseyrir.

Dagskrá tónlistarveislu

Pórarinn Jónson

Fjólan. Texti: Páll Jónsson

Flytjendur: Hlöðver Smári Haraldsson, píanó og Guðmundur Rafnkell Gíslason, söngur

Jón Gunnarsson / Jonni Dóru

Ástin og Einmana. Textar: Jóhann G. Gunnarsson

Flytjendur: Jón Gunnarsson, gítar og Jón Rósmann Mýrdal, söngur

Þorlákur Friðriksson / Lalli á Skorrastað

Söknuður, Við svífum og Draumaveröld. Textar: Helgi Seljan

Flutningur: Bjarni Freyr Ágústsson

Léttur djass

Flytjendur: Hildur Þórðardóttir, þverflauta og Hugi Þórðarson, píanó

Ingi T. Lárusson

Sumarkveðja, Hríslan og lækurinn og Ó, blessuð vertu sumarsól.

Flytjendur: Sigurður Þorbergsson, básúna, Judith Þorbergsson, píanó og Hannah Rós Sigurðardóttir, trompet

HLÉ

Örn Óskarsson

Brúðkaupskvæði, Örn Óskar og Ólöf Krístrún. Textar: Halldór Blöndal

Flytjendur: Sigurður Þorbergsson, básúna, Judith Þorbergsson, píanó og Anna Sigríður Helgadóttir, söngur

Svrpa af lögum Jóns Múla Árnasonar.

Flytjendur: Daníel Þorsteinsson, píanó, Sigurður Þorbergsson, básúna og Guðjón

Þorláksson, kontrabassi

Svrpa af lögum eftir Svavar Benediktsson við texta Kristjáns frá Djúpalæk

Flytjendur: Hlöðver Smári Haraldsson, píanó. Söngur Hálfán Steinþórsson og Stella Steinþórsdóttir

Textar Jónasar Árnasonar við írsk þjóðlög.

Og þá stundi Mundi, Lífið er lotterí og Riggarobb

Flytjendur: Hlynur Benediktsson og Ólafur Egilsson

Kynnir: Örn Óskarsson

Úr fórum Norðfirðinga

Hönnun

Halla Hákonardóttir



Halla er fædd í Reykjavík 6. janúar 1986. Hún er dóttir Hákons Aðalsteinssonar stjórnarmanns í Norðfirðingafélaginu og Signýjar Gestsdóttur. Stúdent frá MS 2006. Stundaði nám í undirbúningsdeild Göteborgs Folkeuniversitet veturinn 2007-2008 í fatahönnun og fatasaumi. Á 1. ári í Listaháskólanum í Reykjavík í fatahönnun.

Kolbrún Amanda Hasan



Amanda er fædd í Jórdaníu 17.09.1984. Hún er dóttir hjónanna Birnu Hilmarsdóttur (Kollu á Tindum) og Gústafs Samirs Hasan. Amanda er stúdent af fata- og textílhönnunarbraut Fjölbrautarskóla Garðabæjar 2003. Hún stundaði ítölskunám jafnhliða fatahönnun í Istituto Europeo di Design veturinn 2005-2006 og fatahönnun í Nouva Accademia de Belle Arti veturinn 2006-2007. Hún er á þriðja ári í Listaháskóla Íslands í fatahönnun og stefnir á útskrift þaðan vorið 2009. Þrátt fyrir útlenskar rætur er Amanda mjög meðvituð um tengsl sín við Neskaupstað.

Ljósmyndir

Kristján Logason



Kristján Logason fæddist í Kópavogi 1963 en fluttist til Neskaupstaðar 1974. Kristján hefur frá árinu 1989 starfað sem sjálfstætt starfandi ljósmyndari. Árið 1992 lauk hann inntökuprófi í Vasa Vux í Gautaborg eftir að hafa tekið allar myndir fyrir veggspjald Neskaupstaðar "þar sem lognið hlær svo dátt". Kristján lauk prófi í ljósmyndun með stafrænum myndum árið 1994. Myndir eftir Kristján hafa birst víða og hefur hann haldið fjölda einkasýninga sem og tekið þátt í samsýningum heima og erlendis. Árið 1997 gaf Kristján út ljóða- og ljósmyndabókina *Slóð, farandbók í einu eintaki* sem hóf ferð sína í Neskaupstað og hefur verið á ferð síðan.

Myndlistarmenn

Alda Ármanna Sveinsdóttir



Alda Ármanna Sveinsdóttir er fædd á Barðsnesi í Norðfirði en fluttist 19 ára suður. Síðan aftur austur og var húsmóðir í Neskaupstað í 15 ár. Þar var hún stofnfélagi í Myndlistafélagi Neskaupstaðar sem starfaði þá með miklum blóma. Fluttist til Reykjavíkur og tók lokapróf í myndlist og kennslu frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Hefur síðan starfað við hvorttveggja. Í málverkinu hefur konan verið ríkjandi í seinni tíð en nú er hún að leggja lokahönd á útgáfu bókar um lífshlaup sitt og listferil. Nú er bókin *KONA Í FORGRUNNI – Vegferð í lífi og list* komin úr prentun en höfundur er Alda Ármanna og er bókin í útgáfu höfundar.

Laugardaginn 15. nóvember kl. 15.00, verður bókin kynnt í Safnaðarheimili Fella- og Hólakirkju, með upplestrum og svarað fyrirspurnum.

Þetta tengist afmælishátíð Norðfirðingafélagsins sem standa yfir í Safnaðarheimilinu frá 13. - 16. nóv og verða kaffiveitingar á staðnum, en þar verður einnig samsýning á málverkum Öldu Ármönnu og annarra Norðfirðinga.

Texti bókarinnar gefur lifandi lýsingu á þjóðlífsháttum liðinar aldar á Austurlandi og lífshlaupi listakonu sem á hvorki arfsvon né hefur tekjur og á að auki eiginmann með alvarlegan geðhvarfasjúkdóm. Yngsta barnið af fjórum er heyrnarlaust og með einhverfu af völdum rauðra hunda en á þeim tíma var hvorki þekking, skilningur né úrlausnir í þjóðfélaginu á þeim hlutum. Einnig skoðað hvernig samfélagið í Neskaupstað var vanmegnugt að koma á móts við fjölskylduna og þá varð að athuga önnur möguleg úrræði.

Í bókinni er lýst þroskasögu listamanns og leit að betra lífi. Í bókinni er lýst umbrotum í málefnum fatlaðra og lausnum sem leiða til laga um málefni fatlaðra og öðru vísi stjórnunarháttá.

Komið er víða við í leitinni að viðunandi stöðu í lífinu, námi, breyttri stöðu og leitinni að viðurkenningu í málverkinu og lýsir bókinn því hvernig bjartsýni og vilji til að finna lausnir hvað sem á bjátar og sérstaklega hvernig kona á þessum árum nær að menntast og skapa sér stöðu sem myndlistamaður. Það hlýtur að vera hvatning fyrir konur eða hverja þá sem vilja og óska þess að geta lyft sér upp úr hjólfarinu.

Í bókinni eru prentaðar um 70 ljósmyndir af málverkum listakonunnar, auk ljósmynda af fjölskyldunni. Bókin er unnin í Odda af hinum bestu fagmönnum. Alda Ármanna er með heimasíðu: www.aldaarmanna.is

Andri Lindbergsson



Er fæddur í Neskaupstað 28. júní 1961. Andri byrjaði snemma að mála og það var honum hvatning hvað það var mikil listamenning í Neskaupstað á þeim tíma. Á unglingsárum hans voru þar haldnar myndlistasýningar á hverju ári um margra ára skeið. Andri útskrifaðist úr sálfræði deild M.I.U. í Iowa fylki í Bandaríkjunum árið 1995. Hugur hans hefur lengst af verið við stjörnuspeki og

vann hann við það í nokkur ár í Indlandi. Myndin er af Andra og Kajri, indversk ættaðri konu hans. Andri býr núna í Bretlandi.

Ágúst Jónsson

Ágúst var fæddur 29. ágúst 1944 á Suðureyri við Súgandafjörð. Hann var alinn upp í Hnífsdal. Kvæntur Birnu Geirsdóttur frá Neskaupstað. Samtals eigum við 4 börn og 15 barnabörn. Eftir veikindi, sem hófust 1996 og án vinnu í 2 ár þá var byrjað að fikta við að mála. Síðan hefur Ágúst málað nokkra tugi mynda og haldið 2 einkasýningar. Sú fyrri var í Flösinni suður í Garði en sú seinni í Gerðubergi. Hann hefur að mestu notað olíulíti, en undanfarið hefur hann einni prófað sig áfram með akríllíti. Nýjasta myndin af þremur er unnin með akríllitum.

Bryndís Magnadóttir Munka



Bryndís er fædd á stofu 6 á sjúkrahúsinu í Neskaupstað, mánudag kl. 15:20. Veðrið var gott. Í Neskaupstað var hún alin upp í návist við sjóinn, fjöllin og fólkið. Hún hefur alltaf haft áhuga á handverki og hönnun. Útskrifaðist úr iðnhönnun frá Iðnskólanum í Hafnarfirði árið 1998. Hún lærði silfursmíði og blekþrykk í Danmörku árið 1999. Upp á síðkastið hefur hún aðallega fengist við gerð margskonar skrauts og nytjahluta úr fjölbreyttu íslensku fiskroði. Bryndís hefur búið og starfað í Frakklandi síðan 2001. www.bryndis-creation.fr
brynka@free.fr

Davíð Samúelsson



Er fæddur í Neskaupstað 7. febrúar 1966. Hann er sonur Bergþóru Ásgeirsdóttur (dóttur Rögggu og Geira) og Samúels Andréssonar kafara.

Davíð er brautskráður úr ferðamála- og þjóðfræði frá Háskóla Íslands og sem leiðsögumaður frá Leiðsöguskóla Íslands. Hann var um árabíl forstöðumaður Upplýsingamiðstöðva ferðamála á Suðurlandi og hefur síðustu árin rekið eigin ferðaskrifstofu undir nafninu: www.faereyjaferdir.is.

Davíð hefur sl. 2 ár verið búsettur í Belgíu og lagt stund á listnám undir handleiðslu hins virta listamanns Gauthier Hubert. Í vetur er hann við nám í *Institut Supérieur de Peinture*

Van der Kelen – Logelain í Brussel. Áður hefur hann lokið 7. stigi við Söngskólann í Reykjavík.

Einar Solheim



Einar er fæddur 7. ágúst 1931. Ólst upp í Lavikdalen í Sogn og Fjordane. Fluttis til Íslands í sept. 1959. Búsettur á Neskaupstað til 1994. Fluttist þá búferlum til Noregs og bjó í Høyanger til 2001. Fluttist þá til Kopervik á Karmøy og er býr þar nú. Eiginkona hans er Jóhanna Guðmundsdóttir frá Norðfirði. Kveðja til Norðfirðinga frá Einari.

Elín Guðmundardóttir



Elín er fædd í Neskaupstað 11. maí árið 1963. Hún er dóttir Dagmars Þorbergsdóttur og Guðmundar Stefánssonar frá Karlskála. Elín ólst upp í Dagsbrún og kallast því útbæingur. Um sextán ára aldur fór hún að heiman eins og kallað var til að vinna og leita ævintýra víða. Hafði hún ávallt lengri viðkomur heima í Neskaupstað á milli vettvanga enda mikill Norðfirðingur í sér. Elín fór til Bandaríkjanna árið 1989 til að læra nudd í Boulder School of Massage Therapy. Starfaði hún um nokkurt skeið sem nuddari. Hún hélt síða áfram að mennta sig og útskrifaðist með B.A gráðu í myndlist úr Listaháskóla Íslands árið 2003. Ári seinna tók hún Diploma gráðu í kennsluréttindum úr sama skóla. Eftir að hafa kennt í þrjú ár hóf Elín aftur nám og nú í Háskólanum í Reykjavík þar sem hún mun útskrifast með M.Ed gráðu í stærðfræði og kennslufræði í vor. Elín var formaður Norðfirðingafélagsins í Reykjavík í þrjú ár á undan núverandi formanni. Verkið sem Elín sýnir hérna er frá árinu 2003 og er vídeó verk. Kveikjan að þessu verki eru hugleiðingar hennar um nánd og hold.

Í allri nánd manneskjunnar við aðra persónur vakna ætíð spurningar um eðli nándarinnar. Nakið hold virðist spila sífellt stærra hlutverk í menningu okkar og birtist í mörgum myndum. Holdið er bæði hjúpur og yfirborð en um leið getur það verið eitthvað allt annað og meira.

Geir Sigurjónsson



Geir Sigurjónsson fæddist á Norðfirði þann 19. júní 1930. Foreldrar hans voru Vilborg Pálsdóttir og Sigurjón Jónsson, múrari. Geir er giftur Bergsveinu Halldóru Gísladóttur einnig frá Neskaupstað. Þau hafa í nálægt hálföld búið á Hvaleyrarholtinu í Hafnarfirði. Geir fór eins og aðrir norðfirskir drengir snemma til sjós. Eftir brautskráningu frá Stýrimannaskólanum í Reykjavík árið 1953 þá gerðist hann bæði skipstjóri og stýrimaður, á bátum frá Hafnarfirði og Norðfirði. Þau hjónin hófu svo eigin útgerð á mb Sigurbergi og ráku einnig samnefnda fiskverkun. Seinna stofnuðu þau Sjávarfisk hf, sem var um tíma einn stærsti saltfiskverkandi á landinu og sat Geir um áraraðir í stjórn S.Í.F.

Helgi Jónsson



Helgi Jónsson fæddist 29. ágúst 1930 í Litla-húsi Norðfirði. Foreldrar Helga hétu Jón Bessason og Þórunna Andersen. Helgi eignaðist 7 börn með fyrri konu sinni Guðrúnu Kristínu Arnfinnsdóttur og 1 barn með núverandi konu sinni Þórdísi Hjörleifsdóttur.

Í dag eru barnabörn hans 18 talsins og barnabarnabörn 7. Helgi fluttist frá Norðfirði 1969 og er í dag búsettur í Reykjavík. Helgi fór að dunda sér við að mála í kringum 1980 og er að mestu leiti sjálfmenntaður, hann notast eingöngu við akrýl. Af heilsufarsástæðum hefur Helgi lagt pensilinn á hilluna að sinni.

Hermann Sveinbjörnsson



Hermann Sveinbjörnsson fæddist í Neskaupstað 5. mars 1949. Foreldrar hans voru Laufey Guðlaugsdóttir og Sveinbjörn Sveinsson sem bæði eru látin. Hermann var þriðji í röð 7 systkina. Hann varð stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri 1969 og lauk lögfræðiprófi frá Háskóla Íslands 197. Í frístundum lagði Hermann stund á myndlist og var liðtækur hjóðfæraleikari. Hann starfaði m.a. sem ritsjóri Dags á Akureyri og sem fréttamaður Ríkisútvarpsins. Hermann lést 16. júlí 2003.

Jóna Guðbjörg Gísladóttir



Jóna Guðbjörg Gísladóttir er fædd 28. febrúar 1932 í Neskaupstað. Hún flutti til Reykjavíkur 1953. Jóna giftist Ívari Hannessyni 1954 og eiga þau 3 börn. Hún byrjaði nýlega að mála og hefur tvívegis sótt námskeið á vettvangi félagsmiðstöðva aldraðra.

Jónas Þorsteinn Eliasson



Jónas var fæddur 3. nóvember 1908 í Mjóafirði og lést þann 8. apríl 1976. Hann bjó stærstan hluta ævinnar í Neskaupstað og stundaði þar almenna verkamannavinnu og var frístundamálari.

Kolbeinn Ingi Arason



Fæddur í Neskaupsstað 11. júní 1951. Sonur Ara Bergþórssonar skipstjóra og Guðlaugar Aðalsteinsdóttur húsmóður. Kolbeinn lærði flug 1972- 1973 og hefur starfað við það allta tíð síðan. Núna starfandi sem flugstjóri hjá Flugfélagi Íslands h/f. Teikniáráttan hefur alltaf blundað í honum en afraksturinn oftast endað með öðrum pappír í endurvinnslunni. Það sem hér er sýnt er tillaga sem var send í samkeppni á vegum Landsvirkjunar um listaverk til að standa við stöðvarhús Fljótsdalsvirkjunar í Norðurdal í Fljótsdal. Upphaflega er hugmyndin teiknuð síðan unnin í tölvu og endanlega insendingin var síðan unnin með aðstoð hjá graficvinnslu ONNO í Reykjavík en þeir höfðu yfir að ráða myndagrunni frá Landsvirkjun þar sem búið var að setja stöðvarhúsið á sinn stað. Ekki voru gefnar upp tölur um hve margir sendu tillögur í samkeppnina, en við fengum að vita að það hefðu komið milli 20 og 30 tillögur. Verkið var valið í undanúrslit ásamt fjórum öðrum og eru hér með myndir samskonar og sendar voru inn í samkeppnina.

Lilja Jóhannsdóttir



Lilja Jóhannsdóttir er borin og barnfædd á Tröllanesi á Norðfirði 25. nóvember 1938. Dóttir hjónanna Stefaníu Guðmundsdóttur og Jóhanns Jónssonar kennara. Lilja var í málarafélagi Norðafjarðar sem var nokkuð virkur félagsskapur á sínum tíma og stóð fyrir fjölda námskeiða. Lilja hefur málað töluvert á síðustu árum en nokkurt hlé var á listsköpun hennar á tímabili. Lilja býr nú á Seyðisfirði og málar mikið. Lilja með yngsta langömmubarnið Teklu

Sigrúni Stefánsdóttur.

Ólafur Hauksson



Fæddur í Neskaupstað 24. mars 1944, sonur Hauks Ólafssonar skipstjóra og Valborgar Jónsdóttur. Kvæntur Guðbjörgu Svölu Guðjónsdóttir, þau eiga eina dóttur, Helenu íþróttakennara, og eitt barnabarn, Ólaf Daða Birgisson. Lauk sveinsprófi í vélvirkjun frá Dráttarbrautinni í Neskaupstað 1964 og brautskráðist frá rafmagnsdeild Vélaskóla Íslands 1967. Hefur starfað hjá Vinnueftirliti ríkisins www.vinnueftirlit.is frá árinu 1981 og er þar aðstoðardeildarstjóri í þróunar- og eftirlitsdeild. Sótti myndlistarnámskeið hjá Myndlista- og handíðaskóla Íslands árið 1989. Að öðru leyti sjálfmenntaður áhugamaður um listsköpun, hvort sem er málaralist eða skúlptúr.

Ólafur M. Jóhannesson



Fæddist í Sólheimi á hádegi fyrir 60 árum. Pabbi og Valli bróðir fengu sér snarl á meðan fram í eldhúsi en pabbi var nýkominn frá Ólimpíuleikunum í London. Hef starfað sem menntaskólakennari og gagnrýnandi á Morgunblaðinu og rek núna ráðstefnu- og útgáfufyrirtæki. Haldið tvær einkasýningar, tekið þátt í samsýningum fyrir austan og myndskreytt eigin barnabækur og innlendar og erlendar ljóðabækur.

Ólafur Óskarsson

Fæddur 21. mars 1946 í Ásbyrgi Norðfirði. Flutti þaðan 1968. Giftur Fanneyju Valgarðsd. sem er grafiskur hönnuður, eigum eina dóttur Hlín f.1980, sem er líka grafiskur hönnuður og 2 barnabörn. Nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1964 til 1968. Tók upp á því 1996 að eiga við myndlist að nýju og hef sótt námskeið og verið virkur í hópi sem kemur saman vikulega hjá kennara yfir vetrarmán.

Sigfús Hansson



Sigfús fæddist í Neskaupstað 1964 og ólst þar upp á Þiljuvöllum ásamt stórum frændgarði. Sigfús hefur málað frá unglingsárum en þá kviknaði áhuginn á myndlist fyrir alvöru. Hann starfaði lengst af á Lofskeytastöðvum símans í Neskaupstað og Hornafirði en hefur einnig gripið í ýmisskonar verkamennsku og sjómennsku þess á milli. Sigfús fluttist svo aftur heim í heiðadalinn veturinn 2006 frá Reykjavík og starfar nú við að bræða steypujárn í Álveri Alcoa Fjarðarás. Sigfús býr nú á Neskaupstað ásamt Helgu Guðfinnsdóttir og fósturbörnum. Fyrsta sýningin sem hann tók þátt í var samsýning norðfirskra myndlistamanna vorið 1986, síðan fylgdu 3 sýningar. Fyrsta einkasýning í Heppuskóla 1995 og samsýning sama ár í Þórmörk á Neskaupstað og 1996 var svo einkasýning á Hótel Höfn. Maleríð hefur reyndar legið niðri s.l. ár vegna flutninga og anna en þetta fer allt að smella í girinn fljótlega. Kveðja Fúsi Hansa Fúsa Sigvarðs frá Brú.

Sigurveig Þorleifsdóttir

Sigurveig Þorleifsdóttir er fædd í Naustahvammi 14. febrúar 1933. Fluttist til Sandgerði 1954 og þaðan til Keflavíkur 1971. Giftist Óla Þór Hjaltasyni sem var Norðfirðingur að ætt og áttu þau 3 börn, öll uppkomin og gift. Sigurveig byrjaði að mála á unglingsaldri.

Sveinn Vilhjálmsson



Sveinn Vilhjálmsson fæddist 17. ágúst á Dalatanga í Mjóafirði og ólst þar upp. Hann stundaði nám í Alþýðuskólanum á Laugum, í Þingeyjarsýslu, tvo vetur þegar hann var um tvítugt. Þá stundaði hann orgelnám á Seyðisfirði hjá Sigurveigu Gunnarsdóttur. Hann stundaði einnig orgelnám hluta úr vetri hjá Páli Ísólfsyni í Reykjavík. Hann sótti vélstjóranámskeið á Eskifirði 1948 (eða þar um bil). Árið 1956 flutti Sveinn ásamt fjölskyldu sinni úr Mjóafirði til Neskaupstaðar og þar bjó hann þar til hann andaðist 10. ágúst 1979. Sveinn gegndi ýmsum störfum þau 23 ár sem hann bjó á Neskaupstað. Hann vann m.a. í Dráttarbrautinni og Kaupfélaginu, var til sjós á Stefáni Ben, í millilandasiglingum á Helgafellinu og síðustu starfsárin var hann vélstjóri á Barða NK 120. Árið 1964 stofnaði hann ásamt nokkrum öðrum félag er fyrst hlaut nafnið Félag frístundamálara og teiknara í Neskaupstað. Ári síðar var nafni félagsins breytt í Myndlistarfélag Neskaupstaðar. Hann var formaður félagsins frá stofnun þess 1964 til ársins 1970 og einnig 1976 og 1977. Sveinn fékkst við myndlist frá barnsaldri og skipta myndir hans hundruðum og án efa var það starfsemi Myndlistarfélagsins sem átti stóran þátt í því hve afkastamikill hann var.

Tryggvi Ólafsson



Fæddur í Neskaupstað 1940 og ólst þar upp. Tryggvi er í hópi þekktustu núlifandi íslenskra listamanna. Eftir nám í Myndlista- og handíðaskólanum í Reykjavík stundaði hann nám við Listaakademiuna í Kaupmannahöfn. Þar bjó hann í hátt á fimmta áratug, vann að list sinni og jafnframt kenndi við akademiuna. Í myndum Tryggva endurspeglast lífsreynsla hans og skoðanir; hann hefur skapað sinni eigin myndheim sem inniheldur tilvitnanir í goðsagnir, heimþrá, minningar, hugleiðingar um heiminn og hlutskipti manna. Tryggvi er nú fluttur til landsins.

Listasmiðja Norðfjarðar

Árið 1963 var Myndlistarfélag Norðfjarðar stofnað og var það öflugt félag um tíma. Árið 1992 var Listasmiðja Norðfjarðar síðan stofnuð upp úr gamla myndlistarfélaginu af áhugafólki í Neskaupstað um listir. Er það markmið Listasmiðjunnar að styðja við listgreinar og handverk af ýmsum toga og er félagsskapurinn öllum opin.

Að Listasmiðjunni stendur fámennur hópur kvenna sem staðið hefur fyrir ýmis konar námskeiðum s.s. í málun, gleri, ull svo eitthvað sé nefnt og eru öllum opin. Menntaðir kennarar í myndlist hafa verið fengnir til að kenna á styttri námskeiðum. Félagar hafa líka verið duglegir að sækja námskeið út fyrir byggðarlagið og haustið 2007 fóru 8 félagar á viku myndlistar námskeið í Andalúsiu á Spáni, auk annarra námskeiða erlendis, svo sem Englands og Danmerkur. Einnig hefur verið farið á námskeið til Akureyrar og nágrennabyggða s.s. Egilsstaða.

Félagakvöld eru einu sinni í viku. Þá er komið saman, málað og spjallað. Ef aðsókn að félagakvöldum fer að dala, er drifið í að fríska upp á andann með því að skipuleggja nýtt námskeið eða sýningu.

Anna Bjarnadóttir

Anna er fædd 1964. Eftir gos í Vestmannaeyjum flutti hún með fjölskyldu sinni á Eskifjörð en hefur búið í Neskaupstað sl. 25 ár, gift Gísli Gylfasyni og eiga þau þrjú börn. Anna er garðyrkjufraeðingur og myndlistamenntuð og hefur hún teiknað frá barnaldri. Hún byrjaði að mála með pastel, olíu og akrýl en hefur verið að æfa sig í að mála með vatnslitum. Anna hefur starfað með Listasmiðjunni í 10 ár og er þar að kenna á námskeiðum í glerlist/tiffany og myndlist fyrir börn.

Berglind Þorbergsdóttir



Berglind er fædd í Neskaupstað 1961 og býr þar enn ásamt manni sínum Jóni Valgeiri Jónssyni, véliðnfræðingi, og eiga þau tvo syni. Berglind starfar sem bókarari hjá Fjarðabyggð og fæst þó nokkuð við myndlist og er þá fjallahringurinn á Norðfirði og náttúran uppspretta listsköpunarinnar. Berglind hefur starfað með Listasmiðjunni í 10 ár og sótt fjölda námskeiða í myndlist á vegum félagsins og utan þess.

Heiðbrá Guðmundsdóttir



Heiðbrá er fædd 1954 á Akureyri en fluttist til Neskaupstaðar 1976 og hefur síðan þá starfað sem sjúkraliði við Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað. Heiðbrá á 3 börn og er nýlega byrjuð að sinna sínu áhugamáli sem er að mála og teikna og hefur sótt námskeið Listasmiðjunnar í málun.

Hildur B. Halldórsdóttir



Hildur er fædd 1941 í Suður-Hvammi í Mýrdal en hefur búið í Neskaupstað frá árinu 1967, gift Ásmundi Þorsteinssyni, verkmenntakennara og eiga þau 3 syni. Hildur hefur starfað sem ljósmóðir í meir en 40 ár við Fjórðungssjúkrahúsið og hefur tekið á móti allmörgum Norðfirðingum sem og öðrum Austfirðingum. Hildur fékkst ung við að teikna en sl. 10 ár hefur hún starfað með Listasmiðjunni og sótt fjölda námskeiða í myndlist á vegum félagsins og utan þess. Hildur stundar nú fjarnám í myndlist við Open College of the Arts í London.

Margrét Sigurjónsdóttir



Margrét er fædd 1937 að Bjargi á Norðfirði. Margrét er gift Jóni E. Lundberg rafvirkja og tónlistamanni og eiga þau 3 syni en fyrir átti Margrét eina dóttur. Þau hjónin ráku raftækjaverslun og verkstæði í mörg ár en eru nú sest í helgan stein. Margrét lærði tauprykk og postulínsmálun í Danmörku á fyrri árum og batik ofl hjá Sigrúnu Jónsdóttur, kirkjulistakonu og leiðbeindi hún á handverksnámskeiðum eftir það hér heima. Síðustu ár hefur hún starfað með Listasmiðjunni, sótt þar námskeið og tekið þátt í samsýningum.

Robyn Vilhjálmsson

Robyn er fædd í Ástralíu árið 1956 en hún hefur búið í Neskaupstað s.l. 30 ár og býr í Steinsnesi ásamt manni sínum Sigurði Þór Vilhjálmsyni og tveim börnum þeirra. Robyn starfar á leikskólanum Sólvöllum og er jafnframt í leikskólakennaranámi. Robyn er ein af stofnendum Listasmiðjunnar og virk þar. Síðustu ár hefur Robyn sérhæft sig í vatnslitamálu og málar það sem fyrir augu ber. Fígúrir sem Robyn mótar úr trölladeigi hafa náð miklum vinsældum.

Theodóra Alfreðsdóttir

Theodóra er fædd 1951 í Reykjavík, hún flutti á unglingsaldri til Norðfjarðar. Thea er gift Þórði Júlíussyni og búa þau á Skorrastað ásamt börnum þeirra og barnabörnum. Thea rekur gallerí á Skorrastað þar sem að hún fæst við leir, ullarþæfingu og myndlist. Hún byrjaði að mála á unglingsaldri með Myndlistarfélagi Norðfjarðar og var ein af stofnendum Listasmiðjunnar. Síðustu ár hefur Thea sérhæft sig í leir og hefur náð þar mjög góðum árangri. Thea starfar sem bóndi, leiðbeinandi í myndlist við Verkmenntaskóla Austurlands og er með námskeið hjá Listasmiðju Norðfjarðar í ullarþæfingu og myndlist fyrir börn.



Myndlistarnámskeið í Andalúsíu á Spáni 2007: María, Thea, Edda, Hildur, Anna, Heiðbrá og Elsa. (Mynd: Berglind Þorbergsdóttir)

Útskurður

Hrefna Aradóttir



Tálgað úr grænni grein. Til sjávar, til sveita

Hrefna Aradóttir er fædd 1966, uppalin í Neskaupstað en hefur búið á Blönduósi undanfarin 17 ár. Verkin tileinka hún foreldrum sínum, Ara Bergþórssyni f. 1913 d. 1986, en hann var sjómaður á Norðfirði alla sína tíð og Guðlaugu Ingibjörgu Aðalsteinsdóttur f. 1925 d. 1991, en hún ólst upp á Vaðbrekku í Hrafnkeldsdal sem er 397 m yfir sjávarmáli og næstum eins langt frá sjó og nokkur byggð er á Íslandi. Hrefna hefur fengist við ýmis konar handverk í gegnum tíðina, en síðan 1997 hefur hún nær eingöngu fengist við að tálga og þá aðallega jólasveina. Einnig hefur hún tálgað brúðhjón, fermingarstyttur og annað fólk aðallega eftir pöntunum.

Hrefna hefur tekið ýmis námskeið eins og "Gæðahandverk í Húnaþingi" þróunarverkefni Iðnþróunarfélag Norðurl.vestra 1999-2000. "Lesið í skóginn og tálgað í tré" 1999. "Lesið í skóginn og tálgað í tré – framhaldsnámskeið" 2001. "Fígúratívur tréskurður og flautugerð" 2002. Skandinavískur tréskurður hjá Harvey Refsal 2007.

Hrefna hefur sýnt m.a. á heildsölusýningu hjá Handverk og Hönnun 1999 "Allir fá þá eitthvað fallett", jólasýning hjá Handverki og Hönnun 2000, 2001, 2002 og 2004. Jólasýning í Norræna húsinu 2003. Jólasýning í Krapperup í Svíþjóð 2002 og 2004 Handverk og Hönnun í Ráðhúsinu í okt. 2007. Handverk og Hönnun í Ráðhúsinu 31.okt.-3. nóv. 2008. handverk@simnet.is / <http://123.is/hrefnaa/>

Bergþór Hávarðsson



Hann var fæddur á Hólum í Fannardal 24. júlí 1884 látinn 28. ágúst 1971. Hann var sonur Hávarðar Einarssonar bónda á Hólum og áður í Hellisfirði og Bjargar Árnadóttur seinni konu hans en hún var frá Hærुकollsnesi í Álftafirði. Bergþór varð snemma formaður aðallega á bátum frá Norðfirði. Eftir að hann hætti að vera formaður var hann oftast mótóristi á bátum mest frá Norðfirði.

Hann var mjög laginn í höndunum sem oft kom sér afskaplega vel í bæði formannstíð hans, þar sem á þeim árum var vélagæslan gjarnan alfarið á herðum formannsins og svo síðar þegar vélarnar urðu alfarið í hans umsjón. Snemma byrjaði hann að tálga og vinna úr ýmsum efnum allskonar smáhluti. Mikið gerði hann af myndarömmum sem unnir voru með vasahníf og límdir saman. Einnig tálgaði hann mikið af skipslíkönum og alls konar kassa með ævintýralegum leynihólfum. Eins bjó hann til mikið af hlutum úr kopar svo sem eftirlíkingar af rokkum, flaggstöngum og margt fleira. Þessi iðja var hans lífsins mál og hélt hann áfram að smíða eins lengi og hann var uppistandandi, þó seinustu árin hafi sjónin verið farin að daprast lítillega. Þessar smíðar voru ætíð hans lífsfylling bæði meðan hann var í fullu starfi og svo eftir að starfsferli hans sem sjómanns lauk.

Það sem hér er kemur úr ýmsum áttum og frá mismunandi tímum. Vitinn sem hér er til sýnis er sennilega smíðaður eftir 1950 og hann hefur þurft að þola mikinn þvæling og farið um margar hendur misnærgætnar. Það er þessvegna búið að gera á honum ýmsar lagfæringar og viðgerðir en reynt að halda útlitinu eins og Beggi lét hann frá sér. Viðgerðunum er þó ekki að fullu lokið. Þess má til gamans geta að hér eru einnig til sýnis verk eftir 2 barnabörn hans; Kolbein Arason sem sýnir hér tillögu sína sem komst í úrslit í

listaverkasamkeppni hjá Lansdvirkjun og Hrefnu Aradóttur, sýnir hér trélistaverk sem hún tálgar í tré og fetar þar í fótspor afa síns, og að því best er vitað er eini afkomandi hans sem tálgar í tré í dag.

Tónlistarmenn

Bjarni Freyr Ágústsson.



Bjarni Freyr Ágústsson er fæddur í Neskaupstað 1973 hann er sonur Ágústar Ármanns Þorlákssonar og Sigrúnar Halldórsdóttur. Stúdent frá Verkmenntaskóla Austurlands 1993, lauk blásarakennaraprófi og 8.stigi á trompet frá Tónlistarskólanum í Reykavík 1997, stundaði djass nám í Tónlistarskóla F.Í.H 1997-1998. Kenndi við Tónskóla Neskaupstaðar frá 1998-2001, Tónlistarskólann á Akranesi frá 2001-2007, Skólahljómsveit Vesturbæjar frá 2001 og Tónlistarskólann á Seltjarnarnesi frá 2007. Er nú starfandi tónlistarkennari við Skólahljómsveit Vesturbæjar á trompet og við Tónlistarskóla Seltjarnarnes á rafgítar, hefur einnig leikið í hinum ýmsu hljómsveitum ýmist á trompet eða gítar og er enn að í þeim efnum.

Daníel Þorsteinsson



Daníel Þorsteinsson, sonur Önnu Jóhannsdóttur og Þorsteins Árnasonar, stundaði sitt tónlistarnám í Neskaupstað og Reykjavík en framhaldsprófi í píanóleik og kennslufræði lauk hann frá Sweelinck tónlistarháskólanum í Amsterdam árið 1993.

Daníel hefur komið fram víða um heim í einleik og samleik, auk þess sem hann hefur samið og útsett tónlist fyrir leikhús, söngvara og kóra og leikið inná fjölda hljómdiska tónlist af ýmsu tagi.

Daníel hefur í þrígang hlotið starfslaun listamanna frá Menntamálaráðuneytinu og árið 2000 var hann útnefndur bæjarlistamaður á Akureyri. Hann býr í Eyjafjarðarsveit, kennir við

Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla Eyjafjarðar og starfar að auki sem organisti og kórstjóri við Laugalandsprestakall í Eyjafirði.

Guðjón Steinar Þorláksson



Guðjón Steinar Þorláksson er fæddur í Neskaupstað árið 1963 og ólst upp á Skorrastað í Norðfirði. Guðjón útskrifaðist með burtfarapróf á kontrabassa árið 1986 og frá KHÍ árið 1989. Hann hefur undanfarin ár starfað sem tónlistarkennari í tónlistarskóla Seltjarnarness og tónskólanum Do Re Mi. Auk þess hefur hann spilað víða með ýmsum tónlistarmönnum.

Guðmundur Rafnkell Gíslason



Guðmundur Rafnkell fæddist 19. febrúar árið 1970 í Fjórðungssjúkrahúsinu í Neskaupstað, sonur hjónanna Guðrúnar Maríu Jóhannsdóttur og Gísla S.Gíslasonar. Hann fór snemma í tónskóla og spilaði á básúnu í Skólahljómsveit Nesskóla undir stjórn Jóns Lundbergs. Hann var einn af stofnendum austfirsku hljómsveitarinnar SúEllen en hann og Steinar Gunnarsson hafa starfaði í henni frá upphafi. Hljómsveitin SúEllen gaf út nokkrar plötur og er hljómsveitin með frægari austfirskum hljómsveitum. Fyrir ári síðan gaf Guðmundur út disk með eigin lögum, sem heitir Íslensk Tónlist. Guðmundur er giftur Guðrúnu Smáradóttur, danskennara og saman eiga þau 2 dætur. Hann er framkvæmdarstjóri Gámaþjónustunnar á Austurlandi og er forseti bæjarstjórnar í Fjarðabyggð.

Hannah Rós Sigurðardóttir



Hannah Rós er dóttir Judith og Sigurðar Þorbergssonar. Hún hóf trompetnám hjá Norðfirðingnum Birgi Sveinssyni og Sveini syni hans. Nú er hún í námi við Tónskóla Sigursveins hjá Guðmundi Hafsteinssyni ásamt menntaskólanámi við MH.

Hálf dán Steinþórsson



Ég er fæddur 3. desember 1976 í Fjórðungssjúkrahúsinu, Neskaupstað. Sama dag hélt Stefán á Hofi upp á 60 ára afmæli sitt og sameiginlega héldum við upp á 100 ára afmæli okkar 3. des. 1996. Sonur Steinþórs Hálfðanarsonar og Sigríðar Wíum eða Steina á Mel og Siggú á Reykjum. Ég er giftur Erlu Björnsdóttur og saman eigum við drengina Steinþór Snæ og Björn Diljan. Ég hef starfað við fjölmiðla síðustu 8 árin. Í fjögur ár starfaði ég við dagskrágerð og á auglýsingadeild SkjásEins og síðan var ég ráðinn upp á 365 miðla og sá þar um auglýsingadeild Sirkus og síðan stöð 2 ásamt því að starfa við dagskrágerð. Eftir árs dvöl í Danmörku var ég ráðinn upp á RÚV og sé nú um auglýsingadeild Sjónvarpsins. Ég kláraði stúdentspróf frá Verkmenntaskóla Austurlands og er núna að klára viðskiptafræði frá Háskólanum á Bifröst.

Hildur Þórðardóttir



Hildur Þórðardóttir hóf þverflautunám í Neskaupstað hjá Haraldi Guðmundssyni og syni hans Hlöðver Smára Haraldssyni. Eftir það lá leið hennar í Tónlistarskólann í Reykjavík til Guðrúnar Birgisdóttur og Martial Nardeau og lauk þaðan einleikaraprófi árið 1991. Þá fór hún til Frakklands og lærði hjá Jean-Michel Varache í Conservatoire de Versailles og síðan í Ecole Nationale de Meudon hjá Francois Veilhan. Árið 2000 kom Hildur heim til Íslands og hefur starfað sem kennari við Tónlistarskólana í Grindavík og Reykjanesbæ, en starfar nú við Tónlistarskólann í Hafnarfirði.

Hlynur Benediktsson



Hlynur Benediktsson er fæddur 30. ágúst 1982 og er sonur Ragnhildar Hjálmarsdóttur og Benedikts Sigurðssonar. Hann hefur spilað með hinum ýmsu hljómsveitum í gegn um tíðina. Þar ber helst að nefna Búálfana sem héldu uppi þjóðlegri stemningu á Norðfirði um árabil. Árið 2008 kom svo út fyrsta einherjaplatan hans, *Telling tales*, sem var mjög vel tekið og hefur fengið góða dóma víðsvegar. Hlynur hefur verið búsettur í Reykjavík frá árinu 2002 þar sem hann vinnur við tónlist og hjá fyrirtækinu Össur hf. Hann hefur það þó fyrir reglu að spila oft og iðulega á heimaslóðum því þar líður honum alltaf

best. Ólafur Egilsson spilar með Hlýni á fiðlu. Ólafur er sonur Egils rafvirkja og Grétu konu hans.

Hugi Þórðarson



Hugi Þórðarson er fæddur 9. nóvember 1979 í Neskaupstað þar sem hann ólst upp. Hann spilar á píanó með systur sinni Hildi Þórðardóttur.

Ingi T. Lárusson



Ingi T. Lárusson (1892-1946) er eitt af þjóðtónskáldum Íslendinga. Hann var Seyðfirðingur en bjó um tíma á Norðfirði þar sem hann eignaðist dótturina Ingu Láru. Hvert mannsbarn þekkir lög eins og *Það er svo margt*, *Hríslan og lækurinn*, og *Ég bið að heilsa*. Mörgum Norðfirðingum finnst lagið *Sumarkveðja* (Ó, blessuðu vertu sumarsól) vera hluti af vorkomunni og löngum verið sungið af norðfirskri æsku. Ljóðræna og fegurð eru aðalsmerki laga Inga T. og í lögum hans er tónn sem snertir streng í hverju brjósti.

Jón Múli Árnason



Útvarpsmaður og tónskáld, fæddist 31. mars og lést árið 2002. Jón Múli var fæddur á Vopnafirði og voru foreldrar hans Ragnheiður Jónasdóttir húsmóðir og Árni Jónsson, ritstjóri og alþingismaður. Jón Múli lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1940 og stundaði nám við heimspekideild og læknadeild Háskóla Íslands 1941 til 1942. Hann stundaði nám í hljómfræði og trompetleik við Tónlistarskólann í Reykjavík 1945 til 1946 og söngnám á árunum 1951 og 1952. Jón Múli hóf störf hjá Ríkisútvarpinu árið 1946 og starfaði þar til ársins 1985. Fjöldi útgefna söngva liggur eftir Jón Múla en á starfsferli sínum samdi hann söngva og dansa við leikritin *Deleríum Búbónis* og

Járnhausinn, sem Jónas Árnason bróðir hans var meðhöfundur að. Þá samdi Jón Múli söngva og dansa við leikritið Rjúkandi ráð sem unnið var í samvinnu þeirra bræðra og Stefáns Jónssonar og söngvaleikinn Allra meina bót eftir þá þrjá félagi.

Jónas Árnason



Fæddist á Vopnafirði 28. maí 1923. Hann lést á Sjúkrahúsi Akraness hinn 5. apríl 1998. Eiginkona Jónasar var Guðrún Jónsdóttir, fædd 22. september 1923 og lést árið 1997. Jónas lauk stúdentspróf frá MR árið 1942. Nám í BA-deild Háskóla Íslands 1942—1943, nám í blaðamennsku 1943—1944 við American University í Washington og University of Minnesota í Minneapolis í Bandaríkjunum.

Jónas var blaðamaður, kennari, alþingismaður og rithöfundur. Hann var kennari við Gagnfræðaskólann í Neskaupstað á árunum 1954—1957. Hann skrifaði bókina *Veturnóttakýrrur* um mannlífið eystra. Hann samdi marga text bæði við írsk og skosk þjóðlög sem og við lög Jóns Múla. Margir smellirnir eftir hann og þá bræður eru löngu orðnir sígildir og nægir að nefna RIGAROBB þar sem hinir norðfirsku heiðursmenn Siggí Nobb, Siggí Jóns og Steini koma við sögu.

Judith Þorbergsson og Sigurður Sveinn Þorbergsson



Judith Þorbergsson er fædd í London en hefur búið hér á landi síðan 1989. Hún hefur píanó- og fagottmenntun frá Guildhall tónlistarháskólanum og starfar nú við tónlistarkennslu og meðleik m.a. með kórum, einsöngvurum og hljóðfæraleikurum þ.á.m. eiginmanni sínum Sigurði.

Sigurður Sveinn Þorbergsson (f.1963) hóf tónlistarnám við Tónskóla Neskaupstaðar hjá Dirk von der Ehe og Haraldi Guðmundssyni á víólu og síðar básúnu. Eftir framhaldsnám við Guildhall skólann í London hóf Sigurður störf við Sinfóníuhljómsveit Íslands þar sem hann starfar enn. Sigurður

kemur reglulega fram með Caput og Kammersveit Reykjavíkur og leikur auk þess oft einleik við ýmis tækifæri.

Jón Gunnarsson



Fæddur 24. mars 1960. Foreldrar Gunnar Jónsson og Halldóra Jónsdóttir, bjó í Neskaupstað til 24 ára aldurs en er nú búsettur í Reykjavík. Kemur fram í kvöld 13.11.08 með dúetnum Súper60.

Jón Rósmann Mýrdal



Fæddur 12. ágúst 1960. Foreldrar Jón Mýrdal og María Mýrdal, bjó í Neskaupstað til 14 ára aldurs en er nú búsettur í Reykjavík. Kemur fram í kvöld 13.11.08 með dúetnum Súper60.

Stella Ingigerður Steinþórsdóttir



Stella Ingigerður Steinþórsdóttir er fædd 25. október 1974. Hún er dóttir Steinþórs Hálfðanarsonar (Steina á Melnum) og Sigríðar Wíum (Sigu á Reykjum). Sambýlismaður hennar heitir Ólafur Björnsson og eiga þau saman tvær dætur. Söлку Sóleyju 4 ára og Erlu Sigríði 2 ára. Stella nam hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands og hef unnið undanfarin 3 ár á kvennadeild Landspítalans auk þess að leysa reglulega af á FSN.

Svavar Benediktsson



Svavar Benediktsson fæddist í Neskaupstað 20. maí 1912 og ólst þar upp hjá foreldrum móður sinnar en hún lést þegar hann var á fyrsta ári. Hann lék á mörg hljóðfæri og var alla ævi eftirsóttur harmonikkuleikari og lék víða fyrir dansi ýmist einn eða með hljómsveitum. Svavar samdi fjölda laga sem sum urðu mjög vinsæl. Á 6. áratugnum voru lög hans í efstu sætum danslagakeppni SKT ár eftir ár. Svavar starfaði sem klæðskeri og verslunarmaður í Reykjavík í nær 40 ár eða til dauðadags 3. ágúst 1977.

Þorlákur Friðriksson / Lalli á Skorrastað



Þorlákur Friðrik Friðriksson eða Lalli eins og hann er jafnan kallaður, er fæddur á Eskifirði 15. jan. 1927, sonur hjónanna Friðriks Árnasonar og Elínborgar Kristínar Þorláksdóttur. Hann er kvæntur Jóhönnu Ármann og börn þeirra eru, Ágúst Ármann, Elínborg Kristín, Jón, Sólveig María, Friðný Helga og Guðjón Steinar.

Lalli ólst upp á Eskifirði og vann þar við ýmis störf til sjós og lands en lengst af hefur hann þó verið bóndi á Skorrastað í

Norðfirði. Hann hefur alla tíð verið víkingur til vinnu, verklaginn og ötull og ætíð tilbúinn að rétta hjálparhönd þegar til hans hefur verið leitað.

Lalli er hvarvetna auðfúsugestur og gleðigjafi. Hann hefur alla tíð átt auðvelt með að skemmta öðrum, hvort sem er á leiksviði, í söng á gamanvísum, með eftirhermum en ekki síst, með dillandi harmonikuleik og söng. Hann er frábær flytjandi og leikandi lífsfjórið, yljað eðlislægri hlýju, skín í gegn og hrífur alla með sér.

Lögin hans Lalla eru verðugt sýnishorn fágætrar fjölhæfni, bæði ljúf, einlæg og hljómpýð.

Þórarinn Jónsson



Þórarinn Jónsson er fæddur í Mjóafirði 18. september 1900 og lést 7. mars árið 1974. Hann var sjómaður á róðrabátum, ýmist frá Mjóafirði, Norðfirði eða Vestmannaeyjum. Í Mjófirðingasögu Vilhjálms Hjálmarssonar þriðja bindi (1990) er sagt að hann hafi krotað frumdrög að laginu Heiðbláa fjólan mín fríða með nagla á árablað meðan legið var yfir línunni undir

Norðfjarðarnípu. Þórarinn var um tíma í Reykjavík áður en hann fór til Berlínar og lærði á fiðlu hjá Þórarni Guðmundssyni og hljómfræði hjá Páli Ísólfsyni. Árið 1924 fór hann til Þýskalands og dvaldist eftir það í Berlín til 1950 við nám og ýms störf. Eftir það bjó hann í Reykjavík til dauðadags.

Þórarinn samdi fiðluverk, orgelverk, einsöngslög og kórlög. Þekktasta lag hans er án efa Fjólan eða Heiðbláa fjólan mín fríða, sem flutt er hér í kvöld. Textinn við lagið var saminn af Páli Jónssyni (1812-1889) sálmaskáldi í Viðvík, en hann samdi einnig “Ó Jesú bróðir besti”. Árið 2004 var gefinn út diskur með 24 lögum Þórarins.

Norðfirðingar muna margir eftir Bogga (Borgþór) söngla Fjóluna á góðum stundum, en hann var bróðir Þórarins

Örn Óskarsson



Örn Óskarsson er fæddur og uppalinn í Neskaupstað. Hann spilaði þar með ýmsum hljómsveitum, s.s. Kátum félögum, Austmönnum, Laufinu. Sjöttu plágunni, og Amon Ra. Hann stundaði tónlistarnám frá unga aldri og er með meistarapróf í hljómsveitarstjórnun frá University of Washington, School of Music, í Seattle.